


# ÁRSSKÝRSLA

## FERÐAMÁLARÁÐS ÍSLANDS



1986

# FERÐAMÁLARÁÐ ÍSLANDS

## ÁRSSKÝRSLA UM STÖRF FERÐAMÁLARÁÐS ÍSLANDS 1986

ásamt yfirliti um fjölda erlendra ferðamanna  
og gjaldeyristekjur.

---

## FERÐAMÁLARÁÐ ER NÚ ÞANNIG SKIPAÐ:

### Án tilnefningar:

Kjartan Lárusson, formaður  
Ólafur Steinar Valdimarsson, varaformaður  
Konráð Guðmundsson,  
Erna Aradóttir,  
Ásberg Sigurðsson

### Varafulltrúar:

Sigríður Snævarr,  
Skúli Þorvaldsson,  
Úlfar Ágústsson,  
Haraldur J. Hamar,  
Sigríður Ingvarsdóttir.

Aðrir meðlimir Ferðamálaráðs samkvæmt tilnefningu:

### Félag hópferðaleyfishafa:

Skarphéðinn D. Eyþórsson,  
Guðmundur Kerúlf (varamaður)

### Félag íslenskra ferðaskrifstofa:

Böðvar Valgeirsson,  
Íslaug Aðalsteinsdóttir (varamaður)

### Félag leiðsögumanna:

Birna G. Bjarnleifsdóttir,  
Friðrik Haraldsson (varamaður)

### Félag sérleyfishafa:

Ágúst Hafberg,  
Gunnar Sveinsson (varamaður)

### Ferðafélag Íslands:

Lárus Ottesen,  
Sveinn P. Jakobsson (varamaður)

### Flugleiðir h.f.:

Sigfús Erlingsson,  
Vilhjálmur Guðmundsson (varamaður)

### Náttúruverndarráð:

Gísli Gíslason,  
Páll Líndal (varamaður)

### Samband veitinga- og gistihúsa:

Bjarni I. Árnason,  
Áslaug Alfreðsdóttir (varamaður)

### Önnur flugfélög en Flugleiðir h.f.:

Magnús Oddsson,  
Halldór Sigurðsson (varamaður)

### Ferðapjónusta bænda:

Oddný Björgvinsdóttir,  
Kristleifur Þorsteinsson (varamaður)

### Reykjavíkurborg:

Júlíus Hafstein,  
Ómar Einarsson (varamaður)

### Ferðamálasamtök Vesturlands:

Sigurður Skúli Bárðarson,  
Jóhannes Ellertsson (varamaður)

### Ferðamálasamtök Vestfjarða:

Arnór Jónatansson,  
Auðunn Karlsson (varamaður)

### Ferðamálasamtök Norðurlands vestra og eystra:

Auður Gunnarsdóttir,  
Guðmundur Sigurðsson (varamaður)

### Ferðamálasamtök Austurlands:

Rúnar Pálsson,  
Reynir Adolfsson (varamaður)

### Ferðamálasamtök Suðurlands:

Bragi Einarsson,  
Jón Óskarsson (varamaður)

### Ferðamálasamtök Suðurnesja:

Pétur Jóhannsson,  
Axel Jónsson (varamaður)

Á fyrsta fundi Ferðamálaráðs þess sem nú situr, þann 21. nóvember 1985, var gengið frá skipan í stjórn og nefndir sem hér segir:

### Framkvæmdastjórn:

Kjartan Lárusson, formaður  
Sigfús Erlingsson, Flugleiðir h.f.  
Böðvar Valgeirsson, Félag íslenskra ferðaskrifstofa  
Bjarni I. Árnason, Samband veitinga- og gistihúsa  
Magnús Oddsson, önnur flugfélög

### Til vara:

Júlíus Hafstein, Reykjavíkurborg

### Umhverfisnefnd:

Birna G. Bjarnleifsdóttir, formaður  
Oddný Björgvinsdóttir  
Gísli Gíslason

### Stjórn ferðamálasjóðs:

Sigurður Skúli Bárðarson  
Ágúst Hafberg

### Til vara:

Júlíus Hafstein  
Skúli Þorvaldsson

### Nýjunganefnd:

Konráð Guðmundsson, formaður  
Auður Gunnarsdóttir  
Bragi Einarsson

### Þróunar- og skipulagsnefnd:

Skarphéðinn D. Eyþórsson, formaður  
Rúnar Pálsson  
Arnór Jónatansson  
Pétur Jóhannsson,  
Erna Aradóttir

### Öryggisnefnd:

Ólafur Steinar Valdimarsson, formaður  
Ásberg Sigurðsson  
Lárus Ottesen

## KOSTNAÐUR VIÐ REKSTUR FERÐAMÁLARÁÐS 1986

Á árinu 1986 reyndist kostnaður við rekstur Ferðamálaráðs vera kr. 19.016.556. Þessi upphæð skiptist þannig á helstu verkefni ráðsins:

	Kr.
Laun og almennur rekstur skrifstofu	5.764.613
Landkyrning	11.223.876
Umhverfismál	409.631
Önnur starfsemi	1.618.436

Að þessu sinni skulu ekki höfð mörg orð um niðurskurð lögbundinna tekna Ferðamálaráðs af rekstri Friðhafnarinnar á Keflavíkurflugvelli. Staðreyndin er sú að þær hefðu numið u.þ.b. 62 milljónum króna á árinu 1986 ef farið hefði verið að lögum.

## FERÐASÝNINGAR

Á árinu 1986 tók Ferðamálaráð þátt í eftirtöldum ferðasýningum erlendis: Salon Mondial í París, ITB í Berlín, WTM í London og TUR í Gautaborg. Auk þess var Ferðamálaráð aðili að Íslandskynningu í Grimsby og Vest-Norden ferðakaupstefnunni, (Ísland, Færeyjar, Grænland) sem haldin var í Reykjavík í september sl.

Ferðamálaráð hafði forgöngu um að íslenskir aðilar á sviði útflutnings, flug- og ferðamála gerðu samning við umboðsmenn Hólmfríðar Karlsdóttur (Miss World), um þátttöku hennar í Íslandskynningum á árinu. Fullyrða má að mikill árangur hafi orðið af þessu uppátæki og er það vitaskuld fyrst og fremst Hólmfríði að þakka. Framkoma hennar var í alla staði til mikillar fyrirmyndar og vakti verðskuldaða athygli.

## ALÞJÓÐLEGT SAMSTARF

Ferðamálaráð hélt áfram aðild sinni að Nordisk Turistråd (NT) og European Travel Commission (ETC). Samkomulag náðist um þátttöku Ferðamálaráðs í þriggja ára kynningarherferð Norðurlandanna í Vestur-Þýskalandi og gildir það fyrir árið 1986 og 1987. Eins og greint er frá í skýrslu ársins 1985 varð ágreiningur um nafn á herferðinni þess valdandi að Ferðamálaráð ákvað að eiga ekki aðild að þessu samstarfi fyrsta árið. Eftir að samkomulag náðist um að breyta því í Skandinavía und Ísland hóf Ferðamálaráð þátttöku.

## SKRIFSTOFUR ERLENDIS

Landkyrningarskrifstofan í Þýskalandi var flutt um set frá Hamborg til Frankfurt. Jafnframt var Dieter Wendler-Jóhannsson ráðinn forstöðumaður í stað Ómars Benediktssonar sem lét af störfum og hóf rekstur eigin ferðaskrifstofu í Hamborg. Miklar vonir eru bundnar við störf Dieters. Hann er þaukunnugur íslenskum flug- og ferðamálum og hefur starfað við þau málefni í Þýskalandi í 20 ár.

Unnur Georgsson gegndi áfram starfi forstöðumanns skrifstofunnar í New York með mikilli þryði.

## UMHVERFISMÁL

Umhverfisnefnd starfaði undir forystu Birnu Bjarnleifsdóttur en með henni í nefndinni sitja Oddný Björgvinsdóttir og Gísli Gíslason. Áhugi og dugnaður nefndarmanna nýttist ekki nema að litlu leyti þar sem aðeins kr. 400.000,- var varið til þessa málaflokks á árinu.

Umhverfismál munu væntanlega verða tekin til alvarlegrar og jákvæðrar umfjöllunar á næstu ferðamálaráðstefnu og mun ég því ekki fjalla um þau nánar í þessari stuttu skýrslu.

## FJÖLDI ERLENDRA FERÐAMANNA TIL ÍSLANDS

Á árinu 1986 heimsóttu 113.528 erlendir ferðamenn Ísland og fjölgaði þeim um 16.085 einstaklinga eða 16.5% frá árinu 1985. Aukningin varð mest frá öðrum Norðurlöndum, 6.167 einstaklingar, 4.182 fleiri komu frá V.-Þýskalandi og aukningin frá Frakklandi varð 1.134.


Árið 1986 reyndist mörgum ferðamannalöndum erfitt. Helstu ástæður fækkunar ferðamanna til Evrópulanda voru gengislækkun Bandaríkjadollars, kjarnorkuslysið í Sovétríkjunum og hryðjuverkastarfsemi í Evrópu. Ísland er sennilega eina landið í Evrópu sem naut aukningar á fjölda ferðamanna á árinu 1986.

Skipting ferðamanna eftir þjóðerni var sem hér segir:


	1986	1985	Breyting %
Bandaríki Norður-Ameríku	32.700	31.633	3.4
Önnur lönd í Ameríku	1.536	1.608	- 4.5
Danmörk	12.841	9.946	29.1
Svíþjóð	10.478	8.167	28.3
Noregur	8.757	7.665	14.2
Finnland	2.465	2.596	- 5.0
Stóra-Bretland	10.264	9.720	5.6
Írland	337	320	5.3
Vestur-Þýskaland	13.601	9.419	44.4
Frakkland	5.617	4.483	25.3
Belgía	661	594	11.3
Holland	2.309	1.653	39.7
Luxembourg	187	147	27.2
Austurríki	2.237	2.235	0.1
Sviss	2.976	2.744	8.5
Ítalía	2.119	1.170	81.1
Afríka — Asía	1.815	1.523	19.2
Ástralía — Nýja-Sjáland	621	536	15.9
Aðrir	2.007	1.284	56.3
Samtals	113.528	97.443	16.5

Á árinu 1986 komu auk þess 7.740 erlendir ferðamenn með 19 skemmtiferðaskipum til landsins.


Þús. **Línurit 1.** Ferðamenn til og frá Íslandi árin 1966 til 1986.



Línurit 2. Fjöldi ferðamanna frá nokkrum löndum árin 1970 til 1986



Línurit 3. Erlendir ferðamenn til Íslands eftir mánuðum



## GJALDEYRISTEKJUR FERÐAÞJÓNUSTUNNAR

Á árinu 1986 voru gjaldeyrstekjur af þjónustu við erlenda ferðamenn kr. 4.122.000.00 og höfðu aukist frá árinu á undan um 15.4% miðað við meðalviðskiptagengi ársins 1986.

Til samanburðar má geta þess að heildarvöruútflytningur landsmanna nam 44.9 miljörðum og heildarverðmæti útflutts sjávarfangs 35.4 miljörðum. Hlutfall sjávarafurða er nú hærra en undanfarin ár. Gjaldyrstekjur ferðaþjónustunnar námu því 9.2% af fyrrgreindu upphæðinni en 11.7% af þeirri siðarnefndu.

Sé ekki tekið tillit til meðalviðskiptagengis er aukning gjaldeyrstekna ferðaþjónustunnar kr. 1.021.000.00 sem jafngildir 32.9%. Við þessar tölur má síðan bæta svokölluðum „duldu“ gjaldeyrstekjum, sem áætla má að hafi verið u.þ.b. 500 miljónir króna. Heildartekjur þjóðabúsins af þjónustu við erlenda ferðamenn á árinu 1986 hafa því numið 4.622 miljörðum króna.

Tvö sl. ár hefur því ferðaþjónustan aflað meiri gjaldeyris en við notum til allra ferðalaga landsmanna erlendis.

Eftirfarandi yfirlit sýnir tekjur af erlendum ferðamönnum á árinu 1986 samkvæmt gjaldeyriskaupum bankanna vegna útgjalda erlendra ferðamanna hér á landi. Til samanburðar eru sýndar tölur ársins 1985 umreiknaðar til sambærilegs gengis, það er meðalviðskiptagengis 1986 samkvæmt vísitölu meðalgengis.

### Gjaldyriskaup bankanna vegna erlendra ferðamanna

Í milj. kr.	1985	1986
Keypt af fríhöfn, Keflavíkurflugvelli	147	146
Keypt af íslenskum markaði, Keflavíkurflugvelli	122	114
Keypt af ferðaskrifstofum	256	346
Keypt af hótélum	86	80
Keypt af verslunum	80	68
Keypt af bílaleigum	16	14
Keypt vegna veiðileyfa	40	41
Keypt af öðrum	1260	1603
Samtals	2007	2412

Auk framangreindra gjaldyriskaupa bankanna vegna erlendra ferðamanna námu kaup erlendra ferðamanna á íslenskum peningaseðlum erlendis 30 m.kr. á árinu 1986 á móti 22 m.kr. 1985 reiknað á gengi ársins 1986.

Framangreind gjaldeyriskaup bankanna vegna erlendra ferðamanna á árinu 1986 sundurliðast þannig eftir gjaldmiðlum:

	Í millj. ísl. kr.
Í Bandaríkjadollurum	1057
Í Sterlingspundum	271
Í Kanadadollurum	34
Í dönskum krónum	243
Í norskum krónum	91
Í sænskum krónum	79
Í finnskum mörkum	10
Í frönskum frönkum	77
Í belgískum frönkum	15
Í svissneskum frönkum	50
Í hollenskum gyllinum	64
Í vestur-þýskum mörkum	383
Í ítölskum lírum	5
Í austurrískum schillingum	13
Í portúgölskum escudos	4
Í spönskum pesetum	13
Í írskum pundum	1
Í öðrum myntum	2
Samtals	2412

Tekjur íslenskra flugfélaga af fargjöldum erlendra ferðamanna milli Íslands og umheimsins hafa verið lauslega áætlaðar 1680 m.kr. á árinu 1986 á móti 1544 m.kr. á árinu 1985 umreiknað til 1986 gengis.

Á árinu 1986 nam gjaldeyrissala bankanna til almennra ferðalaga og verslunar- og viðskiptaferða 4485 m.kr. samanborið við 3675 m.kr. á árinu 1985 reiknað á 1986 gengi. Auk þess nam sala á íslenskum peningaseðlum erlendis 1 m.kr. á árinu 1986 á móti 2 m.kr. árið áður.

Sundurliðun á gjaldeyrissölu bankanna vegna ferðakostnaðar eftir gjaldmiðlum á árinu 1986 er sýnd á eftirfarandi yfirliti:

#### Gjaldeyrissala bankanna vegna ferðakostnaðar 1986 skipt á gjaldmiðla

	Í millj. kr.
Í Bandaríkjadollurum	2222
Í Sterlingspundum	499
Í Kanadadollurum	6
Í dönskum krónum	360
Í norskum krónum	79
Í sænskum krónum	102
Í finnskum mörkum	12
Í frönskum frönkum	58
Í belgískum frönkum	30
Í svissneskum frönkum	20
Í hollenskum gyllingum	111
Í vestur-þýskum mörkum	582
Í ítölskum lírum	76
Í austurrískum schillingum	27
Í portúgölskum escudos	10
Í spönskum pesetum	289
Í öðrum gjaldmiðlum	2
Samtals	4485

## LEIÐTOGAFUNDURINN

Fundur leiðtoga Bandaríkjanna og Sovétríkjanna var haldinn í Reykjavík dagana 10. og 11. október 1986. Margt er búið að skrifa og skrafa um þennan merkilega atburð í Íslandssögunni og menn hafa leikið sér að tölum í því sambandi til að reyna að átta sig á auglýsingagildi hans fyrir Ísland sem ferðamannaland. Án tillits til hvaða útkomu menn fá úr þeim talnaleyki er ljóst að augu allrar heimsbyggðarinnar beindust að Íslandi á þessum tíma og miljónir manna sem ekki vissu það áður, eru sér þess nú meðvitandi að hér býr menningarþjóð í fögru og forvitnilegu landi. Flestir þeir Íslendingar sem í störfum sínum eiga samskipti við önnur lönd munu hafa orðið þess varir að þjóðin er nú álitin töluvert athygisverðari en áður.

Þáttur Ferðamálaráðs að undirbúningi leiðtogafundarins var að hafa yfirumsjón með útvegum gistihúsnæðis í Reykjavík, samkvæmt ósk Steingríms Hermannssonar, forsætisráðherra. Með góðri og náinni samvinnu við Ferðaskrifstofu ríkisins tókst að leysa þennan þátt málsins. Í þessu tilliti ber einnig að minnast á og þakka hótélstjórum Esju, Holts, Lofleiða og Sögu fyrir góða samvinnu við lausn þeirra mörgu vandamála sem upp komu.

## LOKAORÐ

Sökum fjárskorts er ársskýrsla þessi minni í sniðum og óásjálægri en tíðkast hefur undanfarin tvö ár. Hún er jafnframt spegilmynd af möguleikum Ferðamálaráðs á að sinna þeim verkefnum sem lög um ferðamál frá 1985 mæla fyrir um. Ég hefi látið þá skoðun í ljós áður og endurtek hana nú að það er ekki mjög viturlegt, að halda rekstri Ferðamálaráðs áfram nema til komi umtalsverð aukning á ráðstöfunartekjum ráðsins.

Ferðamálaráð og starfsemi þess er upphaflega hugsað sem sameiginlegur starfsvettvangur ríkis og einkaaðila á sviði íslenskrar ferðaþjónustu. Samstarf og samvinna á sviði ferðamála er nauðsyn sem flestir eru sammála um og sparar mikla fjármuni og fyrirhöfn. En hvaðan eiga nauðsynlegir fjármunir að koma? Í raun og veru er ekki nauðsynlegt að leita svara við þessari spurningu fyrr en ákvörðun hefur verið tekin um hvort við viljum gera ferðaþjónustu að alvöru atvinnugrein á Íslandi.

Ég þakka stjórnarmönnum og öðrum þeim sem eiga sæti í Ferðamálaráði góða samvinnu á árinu 1986.

Reykjavík í mars 1987

Birgir Þorgilsson,  
ferðamálastjóri.